



Mýrdalshreppur

## Samþykkt um kjör kjörinna fulltrúa Mýrdalshrepps og greiðslur fyrir nefndarstörf

### 1. gr.

#### Laun sveitarstjórnar:

Oddviti sveitarstjórnar..... 25% af þingfarakaupi

Sveitarstjórnarfulltrúar..... 10% af þingfarakaupi

Aðalmaður í sveitarstjórn sem forfallast skal tilkynna forföll til sveitarstjóra sem sér um að varamaður verið boðaður. Varamenn í sveitarstjórn fá sem nemur 5% af þingfarakaupi fyrir hvern setinn fund. Sitji varamaður hluta fundar fær hann greitt fyrir hlutfallslega þátttöku í fundinum.

Verkefni oddviti eru m.a. að vera í samráði við sveitarstjóra um daglega stjórnun á starfsemi sveitarfélagsins, yfirfara gögn, veita íbúum og öðrum viðtöl, undirbúa mál fyrir sveitarstjórnarfundi, undirbúa dagskrár sveitarstjórnarfunda, stýra sveitarstjórnarfundum og hafa yfirumsjón með frágangi fundargerða/mála/erinda eftir fundi.

Verkefni sveitarstjórnarfulltrúa eru m.a. að yfirfara og kynna sér mál og gögn fyrir fundi, taka þátt í fundum sveitarstjórnar og eiga viðtöl við íbúa og aðra um málefni sem tengjast sveitarstjórninni. Allir fulltrúar skulu hafa frumkvæði að bættri stjórnsýslu, telji þeir þörf á slíku, og koma ábendingum á framfæri við oddvita með góðum fyrirvara.

Föst laun sveitarstjórnarmanna skerðast ekki vegna tilfallandi forfalla á hluta eða heilum fundi, enda er gert ráð fyrir að viðkomandi hafi tekið þátt í undirbúningi vegna fundarins með yfirferð gagna og samráði við aðra sveitarstjórnarmenn. Sé það fyrirsjáanlegt að sveitarstjórnarmaður muni verða frá störfum um lengri tíma falla launagreiðslur niður að hálfu frá og með þriðja mánuði og að öllu leyti frá og með fimmta mánuði.

### 2. gr.

#### Greiðslur til sveitarstjórnarfulltrúa fyrir þátttöku í fundum á vegum sveitarstjórnar og öðrum atburðum sem varða hagsmuni sveitarfélagsins:

#### 2. Greiðslur til kjörinna fulltrúa fyrir þátttöku í fundum á vegum sveitarstjórnar og nefnda eða öðrum atburður sem varða hagsmuni sveitarfélagsins:

Fyrir fund sem stendur yfir í 1 – 2 klst. .... 1,5% af þingfararkaupi

Fyrir fund sem stendur yfir í 2 – 4 klst..... 3% af þingfararkaupi

Fyrir fund sem stendur yfir í 4 – 8 klst..... 5% af þingfararkaupi

Að jafnaði er gert ráð fyrir að sveitarstjóri boði kjörna fulltrúa til funda samkvæmt ákvæði þessu. Um aðra fundi skal leita samþykkis fyrirfram og í undantekningartilvikum eftir á. Kjörnum fulltrúum ber að skila, mánaðarlega eða eigi síðar en þremur mánuðum eftir fund eða ráðstefnu, inn til skrifstofu sveitarfélagsins yfirliti yfir sóttu fundi, þar skal koma fram dagsetning, hvaða atburður var sóttur og hve lengi hann stóð yfir. Yfirlit þessi skulu lögð fyrir sveitarstjórn til kynningar á reglulegum fundum hennar. Greiðslur samkvæmt grein þessari vísa ekki til reglulegra funda sveitarstjórnar.

### 3. gr.

#### **Fundir, ráðstefnur, málþing og fleira sem varðar hagsmuni sveitarfélagsins almennt:**

Aðalmönnum í sveitarstjórn er heimilt að sækja um greiðsluþátttöku sveitarfélagsins vegna þátttöku á fundum, ráðstefnum, málþingum eða öðrum viðburðum sem snerta viðfangsefni sveitarstjórnar. Greiðsluþátttaka sveitarfélagsins er að hámarki 10% af þingfararkaupi fyrir hvern fulltrúa og er Kostnaður greiddur fulltrúum að höfðu samráði við sveitarstjóra.

### 4. gr.

#### **Starfsaðstaða sveitarstjórnarfulltrúa:**

Hver sveitarstjórnarfulltrúi skal fá ferðatölvu til afnota til móttöku og meðferðar á skjölum tengdum störfum sveitarstjórnarinnar og sem notuð verður á fundum hennar. Tölvurnar eru með netkortum og uppsettum pósgáttum svo þær geti tengst internetinu og tekið á móti og sent tölvupóst.

Tölvurnar skulu búnar helstu Office forritum. Sveitarfélagið sjái um eðlilegt viðhald og uppfærslur þessara tölvu. Sveitarstjórnarfulltrúar afhenda sveitarfélaginu þessar tölvur þegar þeir láta af starfi, einnig býðst þeim að kaupa tölvurnar á sanngjörnu verði.

Eingreiðsla fyrir hvert ár vegna símanotkunar og annarra þátta sem sveitarstjórnarfulltrúar leggja sér til við störfin:

Oddviti sveitarfélagsins .....	15% af þingfararkaupi
Aðrir sveitarstjórnarfulltrúar .....	10% af þingfararkaupi
Formenn nefnda sveitarfélagsins .....	5% af þingfararkaupi

Ef oddvitar og fulltrúar gegna fleiri hlutverkum samkvæmt fyrrgreindri upptalningu skal greiða 5% fyrir hvert hlutverk. Þessi greiðsla er greidd í júní ár hvert, eftirá, og hlutfallslega hafi embættaskipan breyst á árinu.

### 5. gr.

#### **5. Greiðslur til fulltrúa í nefndum og ráðum sveitarfélagsins:**

Fyrir fund allt að 2 klst.....	2% af þingfararkaupi
Fyrir fund lengri en 2 klst.....	3% af þingfararkaupi
Fyrir hvern fund – formaður nefndar .....	5% af þingfararkaupi

Varamenn í nefndum fá greitt eftir sömu hlutföllum og aðalmenn fyrir hvern setinn fund.

Fyrir hvern fund sérstakra nefnda og vinnuhópa sem sveitarstjórn skipar í greiðist á sama hátt og fyrir almenna fulltrúa og formenn í fastanefndum.

Formenn nefnda hafa heimild til þess að sækja um kostnaðarþátttöku úr sveitarsjóði, til sveitarstjórnar, vegna þátttöku nefndafulltrúa í áriðandi fundum eða þingum vegna þeirra málefna sem þær hafa á sinni málefnskrá, að höfðu samráði við sveitarstjóra.

## **6. gr.**

### **Fyrirkomulag aksturs og þátttaka í ferðakostnaði:**

Fulltrúar sem eru boðaðir á fundi og sem þurfa að sækja fundi, samkv. samþ. Sveitarstjórnar á vegum sveitarfélagsins fá greitt vegna aksturskostnaðar eins og fastir starfsmenn sveitarfélagsins sem boðaðir eru á fundi utan og á vinnutíma og nýta eigin bifreið. Taxi er til samræmis við taxa

Ferðakostnaðarnefndar ríkisins. Þetta á almennt við ef fulltrúi þarf að fara um lengri veg en 5 km frá lögheimili til að sækja fund. Fulltrúar eru hvattir til að samnýta bifreiðar sérstaklega þegar farnar eru lengri vegalengdir.

Ekki er greitt fyrir upphald og gistingu nema slíkt sé óhjákvæmilegt vegna fyrirkomulags þess atburðar sem viðkomandi er falið að sækja og þarf þá að leita samþykkis sveitarstjóra áður en til kostnaðar er stofnað.

Samþykkt í sveitarstjórn Mýrdalshrepps 15. júní 2022